

Umsögn vegna reglugerðar um blóðtöku úr fylfullum hryssum.

3. gr. Sérstakt leyfi Matvælastofnunar

Hrossahald til blóðtöku er einungis heimilt að fengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar til umráðamanns sbr. 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Áður en stofnunin veitir leyfi skal fara fram úttekt á aðstöðu varðandi blóðtökuna og úttekt á innra eftirliti skv. 5. gr. og viðeigandi kröfum sem gerðar eru í 10. gr. og 18. gr. reglugerðar nr. 910/2014 um velferð hrossa. Umsókn um leyfi skal send Matvælastofnun eigi síðar en 60 dögum fyrir fyrirhugaða starfsemi.

Blóðtaka úr fylfullum hryssum er einungis heimil að fengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar til kaupanda blóðsins sbr. 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og að viðkomandi hrossahald hafi leyfi stofnunarinnar til starfseminnar skv. 1. mgr.

Betra væri að setja inn ákveðna dagsetningu á hvenær skal vera búið að sækja um leyfi til Matvælastofnunar frekar en að miða við 60 daga áður en tímabil byrjar. Það getur verið villandi hvenær tímabil byrjar - er miðað við þegar graðhestar eru settir í hjá hryssum eða þegar fyrsta sýnataka er? Einnig geta upphafsdagsetningar verið breytilegar milli ára.

Sem dæmi væri betra að segja að sækja þurfi um leyfi fyrir 1. maí. Einnig að úttekt á aðstöðu varðandi blóðtökuna fari fram stuttu fyrir fyrstu sýnatöku, t.d. um 5. júlí. Sumir bændur hafa aðstöðuna til annara nota yfir veturinn og fram eftir vori. Þá verður aðstaðan tilbúin fyrir sýnatökur stuttu áður.

6. gr. Þekking og hæfni

Hver sá sem heldur hryssur sem ætlaðar eru til blóðtöku skal hafa aflað sér grunnþekkingu á eðli og þörfum hrossa.

Þessi grein er óþörf, því í reglugerð um velferð hrossa (910/2014), þriðja kafla, 5.gr. segir: *Hver sá sem heldur hross skal hafa aflað sér grunnþekkingar á eðli þeirra og þörfum.* Sjá hér: <https://island.is/reglugerdir/nr/0910-2014>

7. gr. Almenn meðferð

Bannað er að beita hross harðýðgi eða annarri illri meðferð.

Þessi grein er óþörf, því í reglugerð um velferð hrossa (910/2014), þriðja kafla, 7.gr. Segir: *Bannað er að beita hross harðýðgi eða annarri illri meðferð.* Sjá hér: <https://island.is/reglugerdir/nr/0910-2014>

8. gr. Almennar kröfur til blóðtöku úr fylfullum hryssum

[...]

c) Dýralæknir skal hafa einn aðstoðarmann við hvern blóðtökubás á meðan blóðtöku stendur.

Í 8.gr. lið c mætti koma skýrar fram hvaða aðstoðarmenn um sé verið að ræða. Sem sagt, hvort bændur og fólkíð þeirra teljist sem aðstoðarmenn eða hvort að dýralæknum beri að taka með sér aðstoðarmenn. Flestir bændur hafa þannig fyrirkomulag að það sé manneskja við hvern bás og hafa þær manneskjur lang flestar reynslu í meðhöndlum hryssa í básunum sem og að aðstoða dýralæknirinn. Verði svo að dýralæknum beri að koma með aðstoðarmenn með sér getur verið að það komi niður á afkomu bænda í greininni (kostnaður dreginn frá afurðarverði).

[...]

e) Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 6 vikur ár hvert.

Engar rannsóknir sýna fram á að það hafi slæm áhrif á hryssur að taka átta sinnum úr þeim. Hryssur hafa verið nýttar til blóðtöku í um 40 ár og virðist blóðtaka ekki hafa slæm áhrif á heilsu þeirra eða heilsu folalda. Reglugerð þessi og leyfi starfseminnar gildir til ársins 2025. Ég hvet til að niðurstöður rannsókna á þessu þriggja ára tímabili gefi lokaniðurstöðu í ákvörðun um fjölda blóðtaka hjá hverri hryssu.

Rannsókn sem gerð var 2021 og nýtt sem lokaverkefni bakkalárgráðu á Hvanneyri 2022 segir svo:

“[...] Ekki reyndist marktækur munur á efnainnihaldi kaplamjólkur úr hryssum í blóðtöku og viðmiðunarhryssur. Folöld undan hryssum í viðmiðunarhóp reyndust örlítið léttari en folöld undan hryssum sem tekið var blóð úr en munurinn var ekki marktækur. “

Sjá hér:

https://skemman.is/handle/1946/41590?fbclid=IwAR3d4R5JOL7WzXW_K-uv_b1UpND4v91dioB%20Llw_6w982YURwa731zCkX7A

[...]

j) Ekki skulu vera fleiri en 75 hryssur með folöldum í hverjum blóðtökuhópi sem smalað er hverju sinni og aldrei fleiri en 25 á hvern blóðtökubás.

Aðstæður eru mismunandi milli bæja, t.d. eru réttir misstórar, fjöldi bása misjafn og sumstaðar komast hryssur í vatn inni í rétt en annars staðar ekki. Að negla niður ákveðin fjölda hryssa í hóp án þess að taka tillit til aðstæðna getur verið í besta falli vafasamt. Eftirlitsmenn Matvælastofnunar og dýralæknar hafa getu og reynslu til að ákvarða stærð hópa á hverjum stað fyrir sig. Einkennilegt væri að bóndi sem hefur hryssur til blóðtöku megi ekki setja 60 hryssur saman í rúmgóða rétt þar sem eru tveir básar og aðgengi í vatn, en í annan tíma mætti hann það ef væri verið að klippa hófa á einni hryssu í einu, gefa ormalyf o.s.frv..

9. gr. Ábyrgðarkeðja

Umráðamaður hrossahalds ber ábyrgð á hverju hrossi þar til þau eru komin í sérstakan blóðtökubás. Dýralæknir sem annast blóðtökuna ber ábyrgð á hverju hrossi í blóðtökubás og að vinnubrögð við blóðtöku séu í samræmi við dýravelferðarsjónarmið. Kaupanda sem fær leyfi til blóðtöku skv. 2. mgr. 3. gr. er jafnframt skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að öll framkvæmd hennar sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og annarra stjórnvaldsfyrirmæla velferð hrossanna.

Það er ekki í hlutverki kaupanda að setja kröfur og sinna eftirliti um velferð hryssna sem nýttar eru til blóðtöku og folalda þeirra. Það fellur undir verkahring Matvælastofnunar, eins og í öðrum búgreinum. Kaupandi getur aðeins gert kröfur til afurðarinnar sjálfrar, sem er í þessu tilfelli blóð.

10. gr.

Hvatakerfi

Kaupanda er óheimilt að flokka greiðslur vegna blóðs eftir því hversu miklar heimtur eru úr hverju hrossi.

Hagsmunafélag blóðbænda hefur lengi reynt að semja við kaupanda um afurðaverð sem hljóðar upp á eitt, fast verð á hverja einingu eða verðflokkun sem tekur mið af gæðum eininganna, en ekki magni þeirra. Viðræður þess efnis hafa ekki borið árangur hingað til.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Reglugerðin öðlast þegar gildi og skal hún gilda til XX. júní 2025.

Ég hvet til að endurskoðaður verði gildistími í 11. gr. reglugerðarinnar. Tímabilið er nú þegar hafið hafið hjá bændum, en það hófst þegar graðhestar voru settir í

hópana í vor. Bændur tóku ákvörðun um hvort að þeir tækju þátt í blóðtöku í ár með verðskrá kaupanda sem gefin var út í apríl í huga. Taki reglugerð óbreytt gildi strax, á miðju tímabili, sjá bændur fram á gjörbreyttar forsendur og mikið tekjutap með stuttum fyrirvara. Kaupandi hefur nú þegar gefið til kynna að borga aðeins “miðjumoð” til bænda ef hvatakerfi yrði lagt af. Það þýðir stórtap hjá bændum, þá sérstaklega ef aðeins verður tekið að hámarki sex sinnum blóð úr hryssum. Tillaga mín er sú að endurskoðuð reglugerð taki gildi 01.01.2023.

Mig langar að benda aftur á rannsókn sem gerð var 2021 sem lokaverkefni bakkalárgráðu á Hvanneyri 2022. Hún sýnir fram á að blóðtaka hefur ekki marktæk áhrif á mjólkurframleiðslu hryssna eða á þyngd folalda þeirra.
https://skemman.is/handle/1946/41590?fbclid=IwAR3d4R5JOL7WzXW_K-uv_b1UpND4v91dioB%20Llw_6w982YURwa731zCkX7A

Einnig vil ég benda á hagsmunafélag blóðbænda ef vantar fleiri upplýsingar varðandi þetta málefni. Bændur sem nýta hryssur til blóðtöku hvetja til samstarfs og fleiri rannsókna á þessu sviði.

**Virðingarfyllst,
Þórdís Ingunn Björnsdóttir**